

Dómarafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/419
komudagur 3.12.2009

Reykjavík, 30. nóvember 2009.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

121 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 12 nóvember sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og um það var fjallað á fundi Dómstólaráðs með dómurum og starfsmönnum dómstólanna 20. nóvember sl. Að öðru leyti hefur takmarkaður tími gefist til að ræða frumvarpið meðal dómara. Á ofangreindum fundi komu fram margvíslegar athugasemdir við frumvarpið. Meðal annars lutu þær að því að ekki lægi fyrir kostnaðarmat við sameiningu dómstólanna og vegna breytts hlutverks dómstólaráðs, en í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur beinlínis fram að lögfesting frumvarpsins leiði ekki til beins sparnaðar í rekstri héraðsdómstóla, sem þó átti að vera megintilgangur lögfestingar þess. Jafnframt hafa komið fram athugasemdir frá dómurum af landsbyggðinni sem leggjast gegn svo víðtækri sameiningu dómstólanna sem lagt er til í frumvarpinu.

Þá vekur Dómarafélag Íslands athygli á, að áður en lagt er af stað með breytingu eins og fyrirhuguð er á dómstólalögum, sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvort þessi breyting muni í raun stuðla að styrkingu dómsvaldsins sem sjálfstæðs og óháðs dómsvalds. Er að mati dómarafélagsins nauðsynlegt að undirbúa þessar breytingar rækilega og hafa gott samráð við dómara um þær, svo að breytingarnar skili því markmiði sem að er stefnt með lögnum.

Dómarafélag Íslands hefur undir höndum athugasemdir Dómstólaráðs og tekur undir þær athugasemdir þess að rétt sé, að einungis verði að svo stöddu gerðar minni háttar breytingar á lögum um dómstóla.

Í ljósi fyrirsjáanlegs gríðarlegs á dómstólana næstu misseri tekur Dómarafélag Íslands undir tillögur Dómstólaráðs er lúta að fjölgun dómara og þær tillögur Dómstólaráðs að ákvæði frumvarpsins um dómsvald aðstoðarmanna verði óbreytt. Þá er tekið undir þá tillögu

Dómstólaráðs að rýmkuð verði heimild 5. mgr. 15. gr. laga um dómstóla til flutnings mála milli dómara, til þess að ná því markmiði að jafna álag milli dómstóla.

Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands

Ingveldur Einarsdóttir

Ingveldur Einarsdóttir, formaður